



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarkvöldverði til heiðurs
forseta Lettlands
Guntis Ulmanis og frú Aina Ulmane
Bessastöðum
19. apríl 1999

Heiðraði forseti Lettlands
Guntis Ulmanis og frú Ulmane
Virðulegir gestir

Í þúsunda ára sögu Bessastaða er samvera okkar hér í kvöld einstakur atburður og ríkulegt fagnaðarefni. Forseti Lettlands Guntis Ulmanis er fyrsti þjóðhöfðingi nýfrjálsra ríkja við Eyrstrasalt sem sækir Ísland heim og vinátta okkar og samstaða hafa því nú verið innsiglið með nýjum hætti.

Íslendingar báru í hjörtum sínum heitar óskir um sjálfstæði Letta og grannþjóða yðar og við reyndum á orlagastundu að leggja lítið lóð á vogaskál baráttunnar fyrir frelsi og fullveldi þjóðar yðar.

Undirritun stjórnmalasambandsins í Höfða – litla hvíta húsinu við hafið sem þér heimsóttuð fyrir í dag – var ekki aðeins fyrsti hljómur sigurveksins sem síðan hefur gert þjóð yðar að virkum þátttakanda í sköpun nýrrar Evrópu. Athöfnin í Höfða 26. ágúst 1991 var einnig staðfesting á því að smáar þjóðir geta ráðið úrslitum í þróun heimssögunnar. Þá sýndu þjóðir okkar heiminum í verki að kaldastríðinu var í raun og veru lokið, að nýtt skeið lýðræðis, mannréttinda og sjálfstæðis var upprunnið í Evrópu.

Í heimsókn okkar Guðrúnar Katrínar til Lettlands fyrir tæpu ári síðan snart okkur djúpt að finna hvarvetna hve einlægan þakkarhug Lettar bera til Íslendinga. Gleðitárin, faðmlögin og handtökin heit voru þakkargjörð

fólksins sem við heilsuðum bæði í borg og til sveita. Þau augnablik voru sannari vottur um einlæga vináttu en margar ræður og formlegir sáttmálar.

Ferð okkar Guðrúnar Katrínar til Eystrasaltsríkjanna í júní var síðasta heimsókn okkar saman. Fáeinum dögum eftir heimkomuna til Bessastaða var okkur tilkynnt að hún væri orðin veik á ný. Á þeim erfiðu tímum sem í hönd fóru léttu minningarnar um sólríka og yndislega daga í landi yðar okkur lund og þraut.

Heimsóknin til Eystrasaltsríkjanna mun ávallt skína í sálu minni með sérstökum hætti og ég færi yður og frú Aina og þjóð yðar allri tregafullar þakkir fyrir gleðidaga sem orðið hafa mér dýrmætari en nokkurn hefði þá getað grunað.

Í heimsókn okkar til Lettlands sáum við hvarvetna atorku og einbeittan vilja sem einkenna sókn þjóðarinnar til framfara og fullgildrar þátttöku í þeim samtökum sem úrslitum ráða í álfunni.

Íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi umræðunnar um stækkun Atlantshafsbandalagsins veitt óskum Eystrasaltsríkjanna um aðild einarðan stuðning og svo mun enn á þeim tímamótafundi bandalagsins sem haldinn verður í Washington síðar í þessari viku.

Við teljum mikilvægt að Eystrasaltsríkin öll eigi greiða leið inn í Evrópusambandið svo að efnahagsleg samvinna okkar geti á komandi tíð styrkst enn frekar innan vébanda Evrópska efnahagssvæðisins.

Ísland mun í næsta mánuði taka við formennsku í Evrópuráðinu, samtökum sem stofnuð voru í kjölfar hins hörmulega heimsstríðs til að efla og varðveita lýðræði og mannréttindi í Evrópu. Við væntum náinna samvinnu við Letta á þeim vettvangi því enn er víða langt í land að viðunandi árangri sé náð.

Á undanförunum vikum höfum við og heimsbyggð öll vaknað óþyrmilega upp við þann veruleika að hörmungar og ógnir sem við höldum að væru aðeins minningar frá liðinni tíð eru nú orðin meginsár í hjarta sjárlfra Evrópu, að við lok aldarinnar heyrast á ný óp sársauka og þjáninga sem fyrir löngu síðan ómuðu um álfuna víða.

Í auðmýkt verðum við að horfast í augu við þann beiska sannleika að þrátt fyrir framfarir og tæknibyltingar, ný bandalög og aukin lýðréttindi eru nú blæðandi und í Evrópu miðri og enginn veit hvort eða hvernig tekst að tryggja þá björgun sem dugir.

Atburðir síðustu vikna sýna hve brýnt er að skapa samstöðu um nýja skipan sem tryggi í raun öllum þjóðum og samfélögum álfunnar öryggi og frið.

Í því mikla endurreisnarverki sem í hönd fer er nauðsynlegt að hin smærri ríki álfunnar láti að sér kveða. Hin vaxandi samstaða Norðurlanda og Eystrasaltsríkja knýr okkur í þessum efnum til sérstakrar ábyrgðar og frumkvæðis.

Saman höfum við, ríkin átta, sýnt með þróun nýrra samtaka og samstarfs í Norður-Evrópu hvernig hægt er að bregðast við breyttum tímum þjóðunum til hagsbóta.

Við höfum innan hinna nýju norðlægu svæðasamtaka laðað Rússland, Bandaríkin og Evrópusambandið til nýs samstarfs í þágu friðar, öryggis og framfara. Þessi sameiginlega reynsla okkar getur, þótt ung sé, orðið öðrum leiðarvísir og hvatning til að skapa í raun á nýrri öld þá Evrópu sem ein sæmir hugsjónum okkar um lýðræði, mannréttindi og velsæld.

Ég vona, virðulegi forseti og frú Ulmane, að heimsókn yðar til Íslands verði til að sýna yður hvernig fátæk þjóð bænda og fiskimanna á harðbýlli eyju við úfinn sæ, hefur með samstöðu og einbeittum vilja náð að verða tæknivætt menningarsamfélag sem veitir landsmönnum öllum líf skjör sem eru á við hið besta sem þekktist í veröldinni. Slík kynni fela í sér hvatningu um hvað hægt er að gera.

Það er einlæg von okkar Íslendinga að þjóðir okkar geti á nýrri öld fagnað nýjum áföngum í efnahagslegri, menningalegri og stjórnmálalegri samvinnu. Það er sannfæring okkar að veröldin þarfnast öflugrs fordæmis frá ríkjum Norðurlanda og Eystrasalts í sameiningu.

Í fornum sögum Íslendinga sem skráðar voru fyrir um 700 árum og lýsa atburðum á norðurslóðum þegar mannkyn heilsaði því árþúsundi sem senn kveður eru margar frásagnir um ferðir forfeðra okkar til heimaslóða yðar. Í höfðuritum þessara fornu bókmennta, Egilssögu, Njálu og Heimskringlu er að finna rækilegan vitnisburð um að rætur sameiginlegrar sögu þjóða okkar liggja djúpt í minni aldanna, alda sem senn telja heilt árþúsund.

Sá arfur er okkur hvatning til að gera nýja öld og nýtt árþúsund að blómaskeiði samvinnu og samstöðu sem skilað getur þjóðum okkar og álfunni allri dýrmætum ávinningum.

Ég bið virðulega gesti að rísa á fætur og hylla forseta Lettlands Guntis Ulmanis og frú Aina Ulmane og minnst um leið traustrar vináttu Letta og Íslendinga.